

Aðalfundur Beint frá býli haldinn að Hraunsnefi 16.4.2016.

Formaður setur fundinn og Skipar Hafdís Sturlaugsdóttur sem fundarstjóra og Jóhönnu B Þorvaldsdóttur sem fundarritara.

Gestur fundarinn Elfa Björk Sævarsdóttir frá Rauðabergi á Mýrum. Kynir sig og hugmynd sem hún vill leggja fyrir BFB. Elfa er matvælafræðingur að mennt og hefur unnið hjá Actavis síðustu 18 ár við gæðastjórnun. Hefur áhuga á að bjóða aðstoð til bænda og heimavinnsluaðila til að koma á gæðastjórnun og innra eftirlit á býlum. Þetta eykur yfirsýn framleiðenda og er vinnuhagræðing. Gæðakerfi á að vera einfalt og skilvirkt.

Skýrsla formanns um starfsemi liðsins árs Guðmundur Jón Guðmundsson formaður stikklaði á stóru um störf ársins og tilkynnti að hann ætlaði ekki að gefa kost á sér áfram sem formaður Bfb

Dominique Plédel Jónson formaður Slow Food á Íslandi var fyrirlesari fundarinn en þar sem hún gat ekki komið tók Jóhanna B Þorvaldsdóttir að sér að lesa upp erindi hennar sem fjallaði um Sjálfbærni á Íslandi á fyrri tímum. Sigríði Stórráðu og landbúnaðarskólinn í Ólafsdal.

Reikningar BFB lagðir fram. Hanna fór yfir reikninga og skýrði þá. **Boðið upp á umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga og var hvorutveggja samþykkt. Taka þetta út og breyta í eftirfarandi**

Þorgrímur tók til máls og taldi mikilvægt að við fáum skilgreiningu frá BÍ um hvernig þeir skilgreina félagið. Matthías Lýðsson tók einnig til máls og ræddi mikilvægi félagsins, Þórarinn Sveinsson. Telur vaxandi meðbyr með félaginu, og að félagið sé mikilvægur liður í móttöku vaxandi ferðamannastraums. Jóhann Pétur Ragnarsson Minnir á að Ls og fleiri búgreinafélög séu líka í tilvistakreppu eftir að búnaðargjald var lagt niður. Þorvaldur T Jónsson, Telur að árgjald sé lagt þar sem að félagið hljóti að vera mikilvægt fyrir þá sem selja beint. Spyr hvort félagið hafi velt fyrir sér hverjir valkostir séu í framtíðinni. Formaður svarar fyrirspurnum

Umræða um árgjald Þorgrímur spyr hvort við séum með styrktaraðila þeir eru 3-4 og borga fullt gjald. Hugmynd hvort sterkari félagar innan BFB eigi kanski að borga hærra árgjald.

Tillaga um hækkun árgjalds í 12000 kr er samþykkt.

### **Reikningar bornir upp til atkvæða og samþykktir**

Kostningar í aðalstjórn og varstjórn. Guðmundur Jón gengur úr stjórn þar sem hans tími er kominn og Þorgrímur E Guðbjartsson gefur kost á sér og er hann einróma samþykktur

Kostningar skoðunarmanna Þorvaldur T Jónsson kosinn í stað Þorgríms sem er kominn í aðalstjórn.

Önnur mál er varða félagið.

- a. gæðahandbókin. Guðmundur les upp tilboð frá Þórnari Sveinssyni um vinnu við gerð gæðahandbókar ofl. Árni Snæbjörnsson hefur sótt um styrk til Impru að taka þátt í þessum kostnaði.
- b. Úrskurður Ráðuneytis um hvort MAST eða heilbrigðiseftirlitið gefi út leyfi fyrir smásölu matvæla á bændabýlum en erindið er búið að velkjast í kerfinu hjá Mast í 2 ár.
- c. Reglugerð um smáframleiðslu og heimavinnslu formaður fer yfir drög að reglugerð um smáframleiðslu og les upp athugasemdir BFB við þessari reglugerðartillögu.
- d. Minnisblað stjórnar BFB um heimavinnslu. Og samskipti við Matvælastofnun.

Yfirlit yfir samskipti Bfb og mast að undanfögnu og spurningin er hvort þessi samskipti flokkist eðlileg.

Matthías Lýðsson Húsavík þakkar Guðmundi fyrir hans starf fyrir Bfb.

Og leggur fram tillögu um að Bfb sendi frá sér fréttatilkynningu svohljóðandi:

Aðalfundur Beint frá býli þakkar íslenskum neytendum frábærar móttökur á vörum félagsmanna Beint frá býli á undanfögnu árum Með ykkar stuðningi getum við félagar í Bfb haldið áfram að framleiða hágæða vörur úr íslensku hráefni.

Ákveðið var að tillaga sem einnig kom frá Matthíasi verði lögð fram sem ályktun frá aðalfundi. Hún er svohljóðandi:

Aðalfundur Beint frá býli haldinn að Hraunsnefi 16.4 2016 skorar á Alþingi að margfalda framlög til byggðamála ma. Til að bæta samgöngur hvort heldur er á vegum eða á netinu. Með því virkjum við kraft, kjark og hugmyndaauðgi íbúa landsbyggðarinnar til virðisauka fyrir alla Íslendinga.

Voru báðar þessar tillögur einróma samþykktar.

Þorgrímur þakkar Guðmundi hans góðu störf á liðnum árum og sérlega í erfiðum samskiptum við matvælastofnun.

Hann S Kjartansdóttir Tekur til máls og ræðir um hve erfitt hefur verið að ná til allra félaga Bfb og fá svörun frá bændum við því sem félagið er að gera. Við erum á mörgum og ólíkum sviðum og hugmyndin er að opna samskiptahóp á facebook þar sem yrði kanski auðveldara að ná til fleiri aðila og ná fleirum inn í umræðuna. Þetta væri líka góð leið til að miðla hugmyndum og efla samskipti á milli félaga.

Þorgrímur segir frá ferð til Óðinsvéa á matvælakynningu á vegum Ísl sendiráðsins í Dk. Það er í NordAatlantic húsi. Sem er sameign dana, grænlandinga færeyinga og íslendinga. Þarna voru hátt í 20 ísl. framleiðendur að kynna sínar vörur. Hann skoðaði þangvinnslu á Jótlandi þar sem unnin eru bragðefni, pestó og olíur úr mismunandi þangi, þessi aðili kaupir sólburrkuð söl frá Íslandi ofl. Lífræn framleiðsla.

Kom á sveitabæinn Engmark. Þar eru um 200 mjólkurkúr í lífrænni mjólkurframleiðslu. Framleidduaðallega ís úr mjólkinni. Þorgrímur sýndi okkur kort sem heimavinnsluaðilar þar gera til að auglýsa sína framleiðslu. Kúabændur í lífrænum landbúnaði hleypa allir sínum kúm út 17. Apríl og fleiri þúsund manns koma til að horfa á.

Knudenlund er annað býli sem var heimsótt í ferð Þorgríms Bændur þar framleiðir osta, jógúrt ofl úr geita, kinda og kúamjólk og eru með framleiðslu á geita, sauða, nauta og svínakjöti. eru einnig með veitingahús. Þarna fæðast um 1200 grísir á ári sem eru aldir úti með mæðrum sínum.

Kindur bera tvisvar á ári og lömb með mæðrum í 14 daga síðan mjólkað á móti í 6 vikur. Allar dýrategundir undir sama þaki og þar hefur enginn heyrt að það sé skynsemi að skipta dýrategund milli húsa.

Þá var ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir ritari